

# Nýr kjarasamningur Eflingar við Reykjavíkurborg

*Kynning fyrir félagsmenn - mars 2020*





# Um samninginn

---

- Hefur verið undirritaður af samninganefnd og formanni með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu.
- Hefur verið kynntur fyrir trúnaðarmönnum.
- Atkvæðagreiðsla hefst 12:00 á hádegi mánudaginn 23. mars og lýkur 12:00 á hádegi föstudaginn 27. mars
- Tekur gildi ef meirihluti félagsmanna er samþykkur.
- Gildir frá 1. apríl 2019 og til 31. mars 2023.

# Helstu atriði samnings: Yfirlit

---

1. Launaliður
  1. Taxtahækkkanir
  2. Töflubreyting
  3. Sérstök leiðrétting
  4. Eldri sérgreiðslur
2. Stytting vinnuvikunnar
  1. Dagvinna
  2. Vaktavinna
3. Persónubundnir þættir
  1. Mat á starfsreynslu
  2. Mat á námi
4. Annað
  1. Samstarfsnefnd
  2. Orlofsréttur
  3. Undirbúningstímar
  4. Endurskoðun starfsmats

# 1. Launaliður

---



# Taxtahækkun

---

- Sérhver launaflokkur hækkar í grunnþrepi um samtals 90 þúsund á samningstíma að fyrirmynd kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.
- Hækkanirnar eru meiri í þrepum eða hæst samtals 98.100 kr. hjá starfsmanni í 6. þrepi.
- Kemur í 4 áföngum á samningstíma:
  - 1. apríl 2019: 17.000 kr.
  - 1. apríl 2020: 24.000 kr.
  - 1. janúar 2021: 24.000 kr.
  - 1. janúar 2022: 25.000 kr.

# Töflubreyting

---

- Gerð verður jöfnun á bilum milli launaflokka í töflu sem leiðir til viðbótar grunnlaunahækkunar.
- Hækkunin er misjafnlega mikil eftir launaflokkum.
- Að meðtali um 7.800 kr. hækkun á hvern launaflokk í grunnþrepi.

| Starfsheiti (dæmi)             | Svið | Breyting   |
|--------------------------------|------|------------|
| Starfsmaður 2                  | SFS  | 8.906 kr.  |
| Leiðbeinandi 1                 | SFS  | 10.043 kr. |
| Starfsmaður framreiðslueldhúss | VEL  | 6.157 kr.  |
| Starfsmaður búsetuþjónustu     | VEL  | 10.709 kr. |
| Starfsmaður í umönnun          | VEL  | 9.521 kr.  |
| Verkamaður við garðyrkju       | USK  | 7.802 kr.  |

# Sérstök leiðrétting

---

- Sérstök hækkun lægstu heildarlauna og launa hefðbundinna kvennastétta sem kemur ofan á mánaðarlaun frá 1. apríl 2020.
- Sérgreiðsla utan grunnlauna sem hækkar ekki í þrepum og kemur ekki inn í grunn til útreiknings vakta- og yfirvinnuálaga.
- Kemur ekki á starfsheiti sem þegar eru með kaupauka.
- Byrjar í 15.000 kr. á launaflokka 221-227.
  - Trappast niður um 1.500 kr. á hvern launaflokk.
  - Endar í 1.500 kr. á launaflokk 236, ekkert í flokkum hærri en það.
- Tekur ekki hækkunum á samningstíma.
- Starfsmaður sem hækkar um launaflokk t.d. vegna starfsmatsendurskoðunar fær lægri leiðréttingu sem því nemur.

# Eldri yfirvinnugreiðslur

---

- Greiðslur vegna neysluhléa falla niður
  - Leikskólastarfsmenn: 10 tímar
  - Starfsmenn í heimaþjónustu: 13 tímar
- Starfsfólk sem er í starfi þann 1. apríl 2020 fær sömu fjárhæð yfirvinnukaups sem fasta greiðslu.
- Starfsfólk sem ræður sig til vinnu eftir 1. apríl 2020 fær greiðslurnar í nýrri mynd.
  - Leikskóli: 32.500 - 42.500 (sjá næstu glæru)
  - Heimaþjónusta: 41.000 - 50.000 (sjá næstu glæru)
- Greiðslur hækka um 2.5% 1. janúar 2021 og 1. janúar 2022.



# Eldri yfirvinnugreiðslur fyrir nýja starfsmenn - leikskóli

---

| Starfsheiti                 | Önnur laun |
|-----------------------------|------------|
| starfsmaður 2               | 32.500     |
| starfsmaður 2 með stuðning  | 32.500     |
| leiðbeinandi 1              | 32.500     |
| leiðbeinandi 1 með stuðning | 32.500     |
| leiðbeinandi 2              | 37.500     |
| leiðbeinandi 2 með stuðning | 37.500     |
| leikskólaliði               | 37.500     |
| leikskólaliði með stuðning  | 37.500     |
| deildarstjóri C             | 42.500     |

# Eldri yfirvinnugreiðslur fyrir nýja starfsmenn - heimaþjónusta

---

| Starfsheiti                         | Önnur laun |
|-------------------------------------|------------|
| starfsmaður heimaþjónustu           | 41.000     |
| starfsmaður þjónustukjarna          | 45.000     |
| starfsmaður viðbragðsteymis         | 45.000     |
| félagsliði í heimaþjónustu          | 45.000     |
| flokkstjóri félagsleg heimaþjónusta | 50.000     |

# Tímasetningar og afturvirkni

---

- Fyrsta taxtahækkunin (17.000 kr.) er afturvirk frá 1. apríl 2019.
  - Greidd við næstu mögulegu launaútborgun.
  - Frá dregst 105.000 kr. innágreiðsla sem greidd var 1. ágúst 2019.
- Töflubreyting og sérstök leiðrétting koma til framkvæmdar 1. apríl 2020.

# Launaliður: Tímalína hækkana

|                              | 1. apríl 2019             | 1. apríl 2020           | 1. jan 2021        | 1. jan 2022       |
|------------------------------|---------------------------|-------------------------|--------------------|-------------------|
| <b>Taxtahækkun</b>           | 17.000 kr.<br>(afturvirk) | 24.000 kr.              | 24.000 kr.         | 25.000 kr.        |
| <b>Taxtahækkun uppsöfnuð</b> | 17.000 kr.                | 41.000 kr.              | 65.000 kr.         | 90.000 kr.        |
| <b>Töflubreyting</b>         |                           | að meðtali<br>7.800 kr. | <i>helst inni</i>  | <i>helst inni</i> |
| <b>Sérstök leiðrétting</b>   |                           | 1.500-15.000 kr.        | <i>helsti inni</i> | <i>helst inni</i> |

# Reiknivél!


- Hægt að sjá launahækkunar á samningstíma fyrir öll starfsheiti og þrep í reiknivél á heimasíðu Eflingar
- <https://efling.is/laun-i-nyjum-kjarasamningi-vid-reykjavikurborg/>
- Veljið starfsheiti og þrep.

Starfsmaður heimajónustu ▼ Launþrep 4 ▼

- ☐ Ég er með "tíu tíma" (yfirvinna í leikskólum)
- ☒ Ég er með "þrettán tíma" (yfirvinna á velferðarsviði)

| Laun 1. apríl 2019 | Laun 1. apríl 2020 | Laun 1. janúar 2021 | Laun 1. janúar 2022 |
|--------------------|--------------------|---------------------|---------------------|
| 408.237            | 453.866            | 480.638             | 508.503             |

Hækkun umfram lífsskjarasamning er **6.000kr** í leiðréttingu og **9.475kr** í töflubreytingu. Hér fyrir neðan geturðu séð hvernig launahækkun hvers árs er samsett. Bláu reitirnir eru hinar árlegu hækkunar lífsskjarasamningsins 2019-2022. Gulu reitirnir sýna sérgreiðslu (leiðréttinguna) og grænu launahækkun vegna breytinga á launatöflu. Hér fyrir ofan geturðu séð launastöðuna við hverja hækkun samningsins.





# Önnur launaliðsatriði

- 30 mínútur sem taldar voru til vinnutíma í eldhúsum og mötuneytum: verður leyst í samráðshóp.
- Desember- og orlofsuppbætur:

| Desemberuppbót |             | Orlofsuppbót |            |
|----------------|-------------|--------------|------------|
| Á árinu 2019   | 100.100 kr. | Á árinu 2019 | 50.000 kr. |
| Á árinu 2020   | 103.100 kr. | Á árinu 2020 | 51.000 kr. |
| Á árinu 2021   | 106.100 kr. | Á árinu 2021 | 52.000 kr. |
| Á árinu 2022   | 109.100 kr. | Á árinu 2022 | 53.000 kr. |



## 2. Styttling vinnuvíkunnar

---



# Stytting - dagvinna

---

- Sjá Fylgiskjal 1 í nýjum samningi.
- Tryggt að vinnutími styttest um 13 mínútur á dag (65 mínútur á viku) 1. janúar 2021 án nokkurrar skerðingar á launum eða öðrum réttindum.
- Með sérstöku samkomulagi á vinnustöðum má stytta vinnuviku frekar, eða um allt að 4 klukkutíma á viku niður í 36 virkar vinnustundir.
- Stytting niður í 36 vinnustundir krefst þess að gefa upp forræði yfir kaffitímum. Engu að síður er tryggt að fólk fái neysluhlé.
- Vinnutímahópar skipaðir fulltrúum starfsfólks og stjórnenda útfæra samkomulag. Þann 1. október 2020 á niðurstaða samtals starfsfólks og yfirmanna að liggja fyrir. Greidd atkvæði áður en komi til framkvæmdar 1. janúar 2021.

# Stytting - vaktavinna

---

- Sjá sérstaka kynningu



# 3. Einstaklingsbundnir þættir

---



# Einstaklingsbundnir þættir

---

- Þættir sem metnir eru til launa hjá einstaklingi í gegnum færslu upp í þrepum launatöflu útvíkkaðir í samningnum.
- Önnur réttindi einnig styrk.
  1. Starfsreynsla
  2. Mat á námskeiðum og fræðslu
  3. Launað námsleyfi



# Starfsreynsla

---

- Ákvæði um mat á „sambærilegum störfum“ annars staðar er ekki lengur takmarkað við sveitarfélög og ríki.
- Getur nú náð til allra mögulegra vinnustaða, þar með talið erlendis – matsatriði tekin upp í samráðsnefnd.
- Persónuálág vegna fag- og starfsreynslu getur numið allt að  $6 \times 1.5\% = 9\%$  ofan á grunntaxta.

# Einstaklingsbundnir þættir: Nám og fræðsla

---

- „Persónuálag vegna viðbótarmenntunar“ - grein 1.2.2.3
  - Nám umfram grunnkröfur starfs er betur metið
  - Gerðir náms:
  - Starfstengt nám eða námskeið sniðið að þörfum Rvk
  - Formlegt sérnám á framhaldsskólastigi
  - Háskólanám
  - 1.5% á hvern námsþátt, að hámarki 4.5%
- Námsleyfi er ekki lengur heimild heldur réttur (grein 12.3)
  - Eftir 4 ár í starfi
  - Réttur til tveggja vikna leyfis safnast á hverju ári
  - Aldrei meiri en 6 mánuðir
  - Starfsstað er heimilt að takmarka við 10% (starfsmanna eða vikna) á ári

# Annað

---

- Grunnur lagður til áframhaldandi umbóta í samstarfsnefnd um ýmis atriði á grunni sameiginlegs skilnings og skjala sem unnið var með í viðræðunum
- Orlofsréttur: 30 daga orlofsréttur kominn á fyrir alla borgarstarfsmenn
- 2 undirbúningstímar fyrir almenna starfsmenn á leikskólum vegna verkefna sem krefjast undirbúnings
- Endurskoðun starfsmats
  - Komið að reglubundnu endurmati á mörgum störfum
  - Réttur til að fá endurskoðun á starfi og mögulega hækkun starfsmatsstiga sem leiðir til hærri röðunar í launatöflu
  - Einnig hægt að endurskoða og sameina starfsheiti

**Borgin er í okkar höndum!**

